

**Sveitarfélagið Dalabyggð**

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Miðbraut 11

370 Búðardal

Vetrarþjónusta á Skógarströnd

Yðar tilvísun: Bókanir byggðaráðs (297. fundur) og sveitarstjórnar Dalabyggðar (217. fundur) í tölvupósti dagsettum 6.4.2022

Til upplýsingar varðandi snjómokstur á Skógarstrandarvegi.

Síða 1/2

Þjónusta á vegakerfinu fer eftir mikilvægi vegar og umferð. Þannig eru langleiðir (flutningaleiðir) og vegir milli þéttbýlisstaða (<20 km) með mesta mikilvægið. Þær leiðir sem flokkast þannig eru með 6-7 daga þjónustu og eru í eðli sínu flestir stofnvegir.

Skógarstrandarvegur flokkast hvorki sem langleið né vegur milli þéttbýlisstaða.

Aðrir vegir falla undir reglur eftir umferð og eru með 2-5 daga þjónustu. Skógarstrandarvegur er með tveggja daga mokstur þar sem vetrardagsumferðin er á milli 100-200 bílar. Þeir vegir sem eru með tveggja daga mokstur geta fengið þriðja daginn sem helmingamokstur (kostnaðarþáttaka sveitarfélags).

Það að vegur sé stofnvegur vegur einungis óbeint inn í reglurnar. Nefna má stofnvegi sem fá mjög takmarkaða þjónustu svo sem vegur 95 um Breiðdalsheiði og Bíldudalsvegur (63).

Innstrandarvegur hefur haldið 5 daga þjónustu frá færslu Djúpvegar yfir á nýjan veg um Þröskulda. Rætt hefur verið um að draga úr þeirri þjónustu en ekki orðið af því enn.

Reglur um vetrarþjónustu eru lagðar fyrir ráðuneyti samgöngumála til staðfestingar.

Vegagerðin hefur lagt til breytingar á reglum um vetrarþjónustu í tengslum við fjármálaáætlun, til að mæta óskum sveitarfélaga og vegna byggðaðróunar. Þar sem m.a. er lagt til að innan atvinnusvæða verði 5 daga vetrarþjónusta að lágmarki. Ef stjórnvöld verða við þeim óskum og veita aukið fjármagn til

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Þjónustunnar þá mun Vegagerðin geta bætt og eftt þjónustuna. Enn eru ekki teikn á lofti um að það gangi eftir.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift

Bergþóra Þorkelsdóttir

Síða 2/2

Vegagerðin